

verklegra fyrirtækja, veitt Benidikt Gröndal skólakennara að beiðni hans 200 kr. styrk til að búa til myndasafn það af íslenskum dýrum, er hann er byrjaður á og sem hann ætlar svo að láta hinn lærða skóla fá, í náttúrusafn skólans, — það læt jeg eigi undan falla að tjá hinum virðulegu stiptsyfirvöldum þjónustusamlega, til þóknanlegrar leiðbeiningar, og til þess að þjer tilkynnið það Benidikt Gröndal skólakennara, sem á að taka við hjálagðri ávísun. **99**
25. júní.

— *Ágrip af bræfi landshöfðingja til búnaðarsjélagssuduramtsins um styrk til jarðabóta í sudurumdæminu.* — Með bræfi þessi veitti landshöfðingi búnaðarsjélaginu 848 kr. af fje því, er til er tekið í 10. gr. fjárlaganna, C, 5, og skyldi 500 kr. af því varið til að launa Sveini búfræðing Sveinssyni, en 348 kr. til að kaupa vagna og mjólkuráhöld. **96**
26. júní.

— *Ágrip af bræfi landshöfðingja til amtmannsins í vesturumdæminu um styrk til jarðabóta í vesturumdæminu.* — Með bræfi þessu veitti landshöfðingi samkvæmt tillögum amtmanns og amtsráðs Ólafi Bjarnarsyni jarðyrkjumanni 100 kr. styrk til þess að ferðast í sumar um Mýra, Hnappadals og Dala sýslur til þess að veita mönnum tilsögn í jarðabótum, með loforði um frekari styrk þegar hann væri búinn að senda skýrslu um aðgjörðir sínar á sumrinu, og skyldi hann jafnframt mega taka kaup hjá þeim, er óskuðu tilsagnar hans, en þó eigi meira en 1 kr. á dag; og í annan stað Jóni bónda Halldórssyni á Laugabóli í Ísafjarðarsýslu 200 kr. styrk til að kaupa jarðyrkjuverkfæri. Var hvorutveggi styrkurinn tekinn af fje því, er veitt er í 10. gr. fjárlaganna, C, 5. **97**
26. júní.

Auglýsing

um yfirsetukvennahjeruð í suduramtinu.

98
3. júlí.

Samkvæmt því, sem fyrir er mælt í yfirsetukvennalögum 17. des. 1875, 1. grein, hefir amtsráðið í suduramtinu ákveðið, að þessi yfirsetukvennahjeruð skuli vera í hverri sýslu í amtinu.

I. Í Skaptafellssýslu.

1. Bæjar hreppur (Lón).
2. Bjarnaness prestakall (Nes).
3. Einholts sókn (Mýrar).
4. Borgarhafnar hreppur (Sudursveit).
5. Hofs hreppur (Öræfi).
6. Kleifa hreppur, frá Skeiðarársandi að Stjórn.
7. Kleifa hreppur, frá Stjórn að Holtsá, og Leiðvalla hreppur fyrir ofan Eldvatn í Meðallandi.
8. Meðalland fyrir utan nefnt Eldvatn, Leiðvöllur og Álptaver.
9. Ása og Búlands sóknir með Skál, undantekinn Leiðvöllur.
10. Höfðabrekku- og Reynis-sóknir.
11. Dyrhóla- og Sólheima-sóknir.